



Starfsnám á samganga-, umhverfis- og framkvæmdasviði

- Námskrá -



Nafn námsskrár:

Starfsnám á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði

Lengd náms:

200 kennslustundir

Fjöldi eininga:

Allt að 15

Hverjum ætlað:

Þeim sem eru eldri en 20 ára, hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi, vinna á umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélags eða vinna sambærileg störf á vegum verktaka.

1. útgáfa 2008



Inngangur	1
Forsendur náms	2
Hugtök í námsmarkmiðum	3
Lokamarkmið	3
Skipulag náms	4
Námsþættir og lýsingar	5
Kynning	5
Námstækni og símenntun	6
Sjálfstyrking og samskipti	7
Virki liðsheild	8
Vinnustaðamenning	9
Einelti á vinnustað	10
Mannréttindi	11
Að koma fram af öryggi	12
Þjónusta og þjónustustefna	13
Skyndihjálp	14
Slysavarnir og öryggismál	15
Líkamsbeiting	16
Vinumarkaðurinn	17
Mat á námi og námsleið	18
Valgreinar	19
Umbótaverkefni	20
Vélar	21
Suður	22
Lagnir í jörð	23
Umferðarmerkingar	24
Löggæsla og slökkvilið	25
Jarðvegur	26
Þjónustumiðstöðvar	27
Hlutverk í viðbragðsáætlunum og viðburðastjórnun	28
Gróður og gras	29
Varasöm og hættuleg efni í garðyrkju og skrudgarðyrkju	30
Lögreglusamþykkt	31
Umferð og öryggi	32
Vistvænni orkunotkun	33
Mat til styttingar á námi í framhaldsskóla	34



Námsskrá fyrir Starfsnám á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði var skrifuð með hliðsjón af greiningu á fræðsluþörf starfsmanna Umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerði samning við Mími – símenntun um áður nefnda greiningu, sem hófst 10. janúar 2007 en lauk 30. apríl sama ár. Námsskráin lýsir 200 kennslustunda námi þar af eru ætlaðar 50 kennslustundir í valgreinar.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi starfsreynslu og fullt nám samkvæmt þessari námsskrá til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 15 einingum. Meta má námið á mótí allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi.

Námið er ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi og vinna á samgangna-, umhverfis- eða framkvæmdasviði sveitarfélags eða vinna sambærileg störf á vegum verktaka. Hlutverk umhverfisviðs sveitarfélags er að tryggja íbúum þess aðlaðandi og heilnæmt umhverfi. Framkvæmdasvið sveitarfélags ber ábyrgð á undirbúningi, gerð, rekstri og viðhaldi mannvirkja, bygginga og ýmissa muna í eigu sveitarfélagsins.

Tilgangur námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til starfs síns, efla þá í starfi, efla sjálfstraust þeirra og lífsleikni og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem skipuleggja nám samkvæmt henni. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem meta nám fyrir starfsráðningu og starfsframa með hliðsjón af náminu, jafngilda það eða meta til jafns við annað nám.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur um að þeir sem fá heimild til að nota þessa námsskrá framfylgi formlegu gæðakerfi og skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem FA samþykkir.



Námsskrá þessi lýsir 20 kennslustunda námi fyrir þau sem starfa á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélags, eru eldri en 20 ára og hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi.

Í þessu námi eru námsmenn á ýmsum aldri, með mislangan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Áhersla er lögð á aðbúnað, efni og aðferðir sem auðvelda fullorðnum nám. Til þess þarf leiðbeiningar sem taka mið af aðferðum góðra leiðtoga, leiðsögumanna og leiðbeinenda. Námsfni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum fullorðinna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Leiðbeinandi skilgreinir þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum með tilliti til forþekkingar námsmanna, markmiða þeirra og aðferða til náms. Hann þarf að geta ráðað niður námsfni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru um námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni – reynslu hans og þekkingu – fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og til dæmis kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvika-könnun, hlutverkaleikur, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Námsmenn færa námsdagbók. Hún á að vera til að auðvelda leiðbeinendum að átta sig á námsnálgun og framvindu náms. Námsdagbókin er einnig ætluð til þess að námsmenn eigi auðveldara með að halda utan um námsgögn, fylgjast með námsframvindu, ná heildarmynd og til að rifja upp.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að meta námsárangur án þess að nota til þess hefðbundin próf. Í stað hefðbundinna prófa metur hann reglulega námsferlið og námsárangur og gerir grein fyrir niðurstöðum matsins.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum eru eftirfarandi hugtök notuð:

kynnast í merkingunni vita af, vita um, komast í kynni við, vera kunnugt um og geta nefnt eða lýst að nokkru leyti.

þekkja í merkingunni bera kennsl á, kunna skil á, átta sig á, koma fyrir sig, geta fundið og geta greint á milli, lýst, sagt frá, sýnt, staðfest, vísað til, listað upp, nefnt, raðað eða mælt.

skilja í merkingunni gera sér grein fyrir og geta útskýrt, túlkað, þýtt, ályktað og gert áætlun, fjallað um, dregið saman, gert útdrátt og geta uppgötvað.

auka færni sína í merkingunni að námsmaður hafi þjálfað sig og tekið framförum í viðkomandi námsgrein frá því hann hóf nám.

vera fær um í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögðin.



Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- verði færari um að nota námstækni sem á við námsnálgun hans.
- verði færari um að bæta við þekkingu sína og færni í framtíðinni.
- efli sjálfstraust sitt og bæti samskiptafærni sína og öryggi í framkomu.
- verði færari um að taka þátt í að byggja upp og viðhalda sterkri liðsheild.
- verði færari um að taka þátt í að byggja upp og viðhalda góðri vinnustaðamenningu.
- verði fær um að greina og stöðva einelti.
- þekki algeng hugtök og ákvæði samninga og fyrirmæla sem varða mannréttindi.
- verði færari um að veita góða þjónustu og beita gæðastjórnun.
- verði færari um að veita viðeigandi skyndihjálp og búa slasaða og sjúka undir flutning til læknis.
- verði færari um að gæta öryggis síns, vinnufélaga og vegfarenda á vinnusvæðum þeirra.
- verði færari um að tileinka sér rétta líkamsbeitingu í leik og starfi.
- þekki hlutverk og algenga þjónustu hagsmunasamtaka á vinnumarkaði.
- hafi mætt í a.m.k. 80% kennslustunda.

Formleg próf eru ekki lögð fyrir en áhersla lögð á að námsmenn fái tíma til að hugleiða efni og færa í námsdagbók sína. Námsdagbók nota námsmenn og leiðbeinendur til að fylgjast með námsframvindu og árangri. Í námsdagbók er einnig safnað saman námsefni og ítarefni.



Nám vegna starfa fyrir umhverfis- og framkvæmdasvið sveitarfélaga er samtals 200 kennslustundir en hver kennslustund er 40 mínútur. Námsmenn eiga ekki að vera fleiri en 18. Námsmönnum, sem eru les- og/eða skrifblindir, á að liðsinna þegar erfiðleikar þeirra koma í ljós. Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfsins.

Námsskráin er byggð á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Kest
Kynning	2
Námstækni og samskipti	14
Sjálfstyrking og samskipti	16
Virk liðsheild	8
Bragur á vinnustað	8
Einelti á vinnustað	8
Mannréttindi	8
Að koma fram af öryggi	8
Þjónusta og þjónustustefna	32
Skyndihjálp	16
Slysavarnir og öryggismál	16
Líkamsbeiting	8
Vinumarkaðurinn	4
Mat á námi og námsleið	2
Valgreinar	50
Samanlagt	200

- Heildarlengd námsins má ekki vera minni en 200 kennslustundir.
- Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang námsins og heildarlengd þess ekki minni en 200 kennslustundir.
- Breytingar, sem nema meira en 10% af heildarlengd námsins, eru aðeins heimilar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að öll umgjörð og framkvæmd námsins er til að greiða fyrir námi. Enn fremur að námsmenn hafa misjafna lífsreynslu, læra með misjöfnum hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga, eins og kostur er, að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðinna sem eru að reyna sig í námi, jafnvel eftir langt hlé. Námsmenn eiga að fá tíma til að hugleiða efni námsþáttar og færa í námsdagbók sína. Tilgangur námsdagbókar er m.a. að gera námsmönnum og leiðbeinendum að fylgjast með námsframvindu og árangri.



Kynning

2 kennslustundir

Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki forsendur námsins, kröfur sem gerðar eru til hvers námsmanns um sig, námsmannahópsins, leiðbeinenda og námsaðstæðna.
- kynnist hverjir öðrum.
- verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins og að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til námsins. Losað er um spennu jafnframt því að námsmenn kynnast hver öðrum.

Námsaðferð

Kynning leiðbeinanda, umræður, hópstarf. Námsmenn skrifa niður markmið sín og væntingar til námsins svo þeir geti minnt sig á eftir því sem fram vindur náminu og borið saman við stöðu sína í lok námsins. Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð, sem losar um spennu jafnframt því að þeir kynnast.

Námsefni

Námsskrá og dagskrá.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki algenga námstækni.
- verði færir um að greina eðlislæga námsnálgun sína og nota námstækni sem á við námsnálgun þeirra.
- auki færni sína til að afla sér frekari menntunar í framtíðinni.

Námslýsing

Höfuðáhersla er lögð á markmið og fyrirkomulag námsins, námsnálgun og námstækni, einnig uppörvandi framkomu og jafningjafræðslu. Áhersla er lögð á þýðingu náms-umhverfis, tilfinninga auk félagslegra, lífeðlislegra og sálfræðilegra þátta í námi. Einnig er fjallað um áhrif hvata eins og áhuga, virkni og þolgæði og um hvatningu eins og hrós og umbun. Enn fremur vinnumáta eins og reglufestu, einbeitingu og iðjusemi, einnig samskipti milli námsmanna, samskipti þeirra við leiðbeinandann og áhrif mannlegra samskipta á nám. Fjallað er um ýmsar aðferðir námstækni til dæmis námstækni íþróttamanna. Þá er fjallað um einstaklingsmiðað, samþætt nám í hópi sem er samábyrgur, símat, jafningjamat, jafningjafræðslu og samþættingu námsþátta. Fjallað um skimun, hraðlestur og nákvæmnilestur, glósur, undirstrikun, minnistækni og hugkortagerð. Einnig notkun námsdagbókar til að safna saman námsefni og ítarefni, til að auðvelda skipulag námsins, setja sér námsmarkmið, festa sér í minni, auðvelda endurtekningu og upprifjun auk þess að auðvelda leiðbeinendum mat á framvindu náms og til að átta sig á námsnálgun námsmanns. Einnig til að auðvelda námsmanni og leiðbeinanda að fylgjast með og leggja mat á námsframvindu og árangur.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að útskýra hugtök, lýsa aðalatriðum, draga fram heildarmynd en lýsir virkni og skyldleika einstakra þátta og samhengi þátta í námi. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að þekkja áhugasvið sín, námsnálgun og heppilega námstækni. Hann leggur áherslu á jafningjafræðslu og uppörvun í samskiptum við aðra námsmenn og þátt umhverfis og aðstæðna í nám. Hann sýnir fram á notagildi námstækni með því að tengja innleiðingar sínar við nám, símenntun, áhugamál, starf og daglegt líf. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum og leggur fyrir verkefni sem varpa ljósi á námsnálgun, áhugasvið og námstækni.

Námsefni

Til dæmis efni frá leiðbeinanda, námsmönnum, gátlistar fyrir könnun á áhugasviði og námsnálgun auk efnis um námstækni. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- skilji samhengi sjálfstrausts og framkomu.
- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust.
- kynnist leiðum til að byggja upp sjálfstraust.
- þekki grundvallaratriði góðra mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan einstaklingsins og árangur í starfi.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að greina og bera saman þætti sem eiga við um gott sjálfstraust og skort á sjálfstrausti og áhrif á líðan, sjálfsöryggi, framkomu, samskipti og árangur í starfi. Áhersla er lögð á leiðir til að efla sjálfstraust sitt og bæta framkomu sína og samskipti við aðra. Fjallað er um atriði sem helst ógna sjálfstrausti og hvernig bregðast má við þeim. Fjallað er um ákveðni, óákveðni, ágengni og undirgefni í samskiptum. Fjallað er um samhengi sjálfstrausts, framkomu, samskipta, liðsanda og brags á vinnustað.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að útskýra hugtök, lýsa aðalatriðum, draga fram heildarmynd, lýsa virkni og samhengi þátta í samskiptum. Hann tengir innleiðingar sínar við nám, símenntun, áhugamál, starf og daglegt líf. Hann ber saman einkenni um skort á og einkenni um gott sjálfstrausts, sjálfsöryggi og sjálfsmynd og áhrif á og á líðan og framkomu einstaklings og samskipti hans við fjölskyldu, vini, vinnufélaga og viðskiptavini. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum og leggur fyrir verkefni til að greina og leiða í ljós áhrif sjálfstraust á einstaklinginn og samskipti hans einkum við vinnufélaga og viðskiptavini. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis efni frá Mími – símenntun, leiðbeinanda og námsmönnum. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki einkenni sterkrar liðsheildar.
- þekki hlutverk stjórnenda og annarra starfsmanna í virkri liðsheild.
- verði færari um að taka tillit til sjónarmiða annarra.
- verði færari um að setja sig í spor annarra.
- verði færari um að forða misskilningi með virkri hlustun og hreinskiptni.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að námsmenn skilji hvernig hægt er að byggja upp virka liðsheild, hvernig hægt er að viðhalda henni og hvaða ábyrgð einstaklingar bera í þeim efnum. Það er gert með því að greina og bera saman einkenni sterkrar og veikrar liðsheildar og greina þátt stjórnenda og starfsmanna í uppbyggingu sterkrar liðsheildar. Meðal annars er lögð áhersla á þætti eins og skýr markmið, verkaskiptingu, samskipti, gagnkvæma virðingu og traust. Til að lið nái árangri sem heild þurfa skoðanaskipti innan þess að vera hreinskiptin og liðsmenn verða að geta treyst á aðstoð hvers annars, hreinskilni, dreglyndi og hvatningu. Fjallað er um samhengi sjálfstrausts, framkomu, samskipta, liðsanda og vinnustaðamenningar og sérstök áhersla lögð á ábyrgð einstaklingsins í að byggja upp virka liðsheild.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöknun og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að útskýra hugtök, lýsa aðalatriðum, bera saman og draga fram heildarmynd en lýsir virkni og samhengi þátta í liðsheild auk þess að leggja áherslu á mikilvægi samheldni, samvinnu og góðs liðsanda. Hann dregur fram mun á hópi og liði og tengir innleiðingar sínar til dæmis við starfsemi Íþróttafélags, liðs í Íþróttafélagi og liðsanda auk þess að tengja innleiðingar sínar við liðsanda í námi, starfi og fjölskyldu. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum. Hann leggur fyrir verkefni til að greina og leiða í ljós áhrif liðsheildar og liðsanda á einstaklinginn og samskipti hans einkum við vinnufélaga og viðskiptavini og námsmenn gera gátlista sem auðveldar þeim greiningu og aðgerðaáætlun til að efla liðsheild. Vettvangsferð til að greina ástand og gera áætlun getur t.d. verið hluti lokaverkefnis. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis efni frá leiðbeinanda og námsmönnum. Gátlisti. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist hvaða áhrif einstaklingar geta haft á mótun vinnustaðamenningar.
- þekki tengsl stjórnunarstíls og vinnustaðamenningar.
- þekki einkenni góðrar vinnustaðamenningar.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að greina og bera saman einkenni óæskilegra og æskilegra þátta í fyrirtækjamenningu og hlut stjórnenda og annarra starfsmanna í þeim. Fjallað er um hvernig gildi, ímynd, venjur, siðir, aðstaða, umgengni og síðast en ekki síst viðhorf og framkoma starfsmanna hafa áhrif á vinnustaðamenninguna. Áhersla er lögð á ábyrgð starfsmanna og stjórnenda á að byggja upp gott andrúmsloft á vinnustað. Fjallað er um samhengi sjálfstrausts, framkomu, samskipta, liðsanda og vinnustaðamenningar.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að útskýra hugtök, lýsa aðalatriðum, draga fram heildarmynd en lýsir virkni og skyldleika einstakra þátta og samhengi þátta í menningu fyrirtækja. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum. Hann leggur fyrir verkefni til að greina og leiða í ljós áhrif vinnustaðamenningar á vinnustað á einstaklinginn og vinnustaðinn og námsmenn gera gátlista sem auðveldar þeim greiningu og aðgerðaáætlun vegna vinnustaðamenningar sem er til fyrirmyndar. Vettvangsferð til að greina ástand og gera áætlun getur t.d. verið hluti lokaverkefnis. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis efni frá leiðbeinanda og námsmönnum. Gátlisti. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- skilji aðstæður sem geta leitt til eineltis.
- skilji algeng einkenni eineltis.
- þekki algengar afleiðingar eineltis.
- þekki leiðir til að stöðva einelti.
- kynnist efni reglugerðar um aðgerðir gegn einelti á vinnustað.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að námsmenn skilji hvað átt er við með einelti, hvernig hægt er að sporna við því og þekki afleiðingar eineltis. Hugtakið *einelti* er útskýrt og fjallað um hvaða framkoma telst vera einelti og hvaða framkoma telst ekki vera einelti. Fjallað er um orsök og afleiðingar eineltis, ábyrgð starfsmanna og stjórnenda á að fyrirbyggja einelti og viðbrögð við einelti á vinnustað m.a. með skírskotun í lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að útskýra hugtök, lýsa aðalatriðum, draga fram heildarmynd en lýsir virkni og skyldleika einstakra þátta og samhengi þátta í einelti. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum. Hann leggur fyrir verkefni til að greina og leiða í ljós áhrif eineltis á einstaklinginn og vinnustaðinn og námsmenn gera gátlista sem auðveldar þeim greiningu og aðgerðaáætlun vegna eineltis. Vettvangsferð til að greina ástand og gera áætlun getur t.d. verið hluti lokaverkefnis. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis efni frá leiðbeinanda, frá námsmönnum og af vef ASÍ. Reglugerð nr. 1000/2004. Gátlisti. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist algengum hugtökum sem notuð eru í umræðu um mannréttindi.
- kynnist helstu mannréttindasamningum sem Íslendingar eru aðilar að.
- verði færari í að koma auga á brot á mannréttindum.

Námskeiðslýsing

Megináhersla er lögð á að byggja upp skilning á því hvað átt er við með mannréttindi almennt og hvernig íslensk lög og alþjóðasamningar sem Íslendingar eiga aðild að eiga að stuðla að því að mannréttindi séu virt hér á landi. Áhersla er lögð á að tengja umræðuefnið íslenskum lögum, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu. Það má gera með því að taka fyrir umræðuefni um mannréttindi sem er ofarlega á baugi eða þykir af sérstökum ástæðum brýnt að ræða.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistösk sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að útskýra hugtök, lýsa aðalatriðum, draga fram heildarmynd en lýsir samhengi þátta í almennum mannréttindum, mannréttindum hópa og ýmsum öðrum mannréttindum. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum. Hann leggur fyrir verkefni til að greina og leiða í ljós áhrif mannréttinda á líf einstaklinga í vinnu og utan vinnu og námsmenn gera gátlista sem auðveldar þeim greiningu og aðgerðaáætlun vegna mannréttindabrota. Vettvangsferð til að greina ástand og gera áætlun getur t.d. verið hluti lokaverkefnis. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis efni frá leiðbeinanda, frá námsmönnum og af vef Mannréttindaskrifstofu Íslands. Gátlisti. Námsdagbók.



Að koma fram af öryggi

8 kennslustundir. Samþættar með öðrum námsþáttum.

Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki tengsl milli sjálfstraust og framkomu.
- þekki leiðir til að búa sig undir að flytja mál sitt.
- kynnist því að standa fyrir framan hópinn og flytja mál sitt.
- þekki leiðir til að skrá minnisatriði.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á leiðir til að efla öryggi í framkomu. Fjallað er um ráð til að undirbúa traustan málflutning, skrá minnisatriði, byggja upp ræðu og flytja af öryggi. Einnig að greina og bera saman einkenni öruggar og óöruggar framkomu.

Námskeiðslýsing

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að lýsa aðalatriðum, einstöku þáttum, samhengi þátta og dregur fram heildarmynd öruggar framkomu. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum og leggur fyrir verkefni til að greina og bera saman einkenni óöruggar og öruggar framkomu. Námsmenn sækja og verja málstað sem þeir velja sér eða leiðbeinandi úthlutar þeim til dæmis úr námsþáttum sem hefur verið farið yfir. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis efni frá leiðbeinanda og námsmönnum. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki undirstöðuatríði góðrar þjónustu.
- þekki undirstöðuatríði gæðastjórnunar.
- kynnist þjónustu og þjónustustefnu sveitarfélaga.
- verði færari um að veita góða þjónustu.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að greina einstaka þætti og einkenni góðrar þjónustu og gæðastjórnunar. Áhersla er lögð á að starfsmenn kynnist þjónustu sem veitt er í sveitarfélagi sem þeir vinna fyrir auk þess að þeir kynnist þjónustustefnu þess, algengum verkferlum og hvernig farið er með umsóknir, ábendingar og kvartanir íbúa.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að lýsa aðalatriðum, einstöku þáttum og samhengi þátta sem einkenna þjónustu sem er til fyrirmyndar og þátt gæðastjórnunar til að geta unnið hratt og vel af öryggi og þjónað vel og af sanngirni. Leiðbeinandi lýsir þjónustuhlutverki og helstu viðfangsefnum og vinnuferlum deilda á umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélags. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum eða stendur fyrir hlutverkaleikjum til að skýra og bera saman einkenni fyrirmyndarþjónustu og lélegrar þjónustu við íbúa sveitarfélags, vegfarendur og starfsmenn annarra deilda eða fyrirtækja sem vinna fyrir sveitarfélag. Hann leggur fyrir verkefni til að greina merki góðrar þjónustu og námsmenn gera gátlista sem auðveldar þeim greiningu og aðgerðaáætlun um þjónustustefnu og gæðastjórnun. Vettvangsferð til að greina ástand og gera áætlun getur t.d. verið hluti lokaverkefnis. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis efni frá leiðbeinanda og námsmönnum. Gátlisti. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki hugmyndafræðina sem skyndihjálp byggir á.
- verði færari um að meta ástand slasaðra og sjúkra.
- verði færari um að veita slösuðum og sjúkum skyndihjálp og sálrænan stuðning.
- verði færari um að búa slasaða og sjúka undir flutning til læknis.
- þekki innihald sjúkrakassa.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á greiningu einkenna, meta ástand, veita skyndihjálp og sálrænan stuðning og sjá um flutning til læknis vegna áverka og einkenna af völdum högga, stungna, skurða, bruna, eitrana, bráðra sjúkdóma og losts. Áhersla er lögð á að stöðva blæðingar, lina kvalir og gæta öryggis slasaðra og sjúkra. Fjallað er um innihald sjúkrakassa fyrir vinnustaði, farartæki og heimili.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að lýsa afleiðingum og einkennum, leiðum til að meta ástand, veita viðeigandi skyndihjálp og viðbrögð vegna flutnings slasaðra eða sjúkra til læknis. Leiðbeinandi stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum, leggur fyrir verkefni og æfir viðbrögð og handbrögð námsmanna. Námsmenn gera gátlista sem þeir geta notað til að kynna sér ástand sjúkrakassa á vinnustað, heimili og í farartækjum og ræðir lærdóma sem af því má draga. Vettvangsferð til að greina ástand og gera áætlun getur t.d. verið hluti lokaverkefnis. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis námsefni frá Rauða Krossinum og verkefni frá leiðbeinanda svo sem skýringamyndir, ljósmyndir, myndskreið og námsefni af vef Rauða krossi Íslands. Gátlistar. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki ábyrgð og skyldur atvinnurekanda, stjórnenda og starfsmanna samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum sem varða aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum.
- þekki kröfur um slysavarnir og öryggi starfsmanna umhverfis- og framkvæmdasviða sveitarfélaga.
- þekki kröfur um slysavarnir og öryggi vegfarenda á vinnusvæðum þeirra.

Námslýsing

Megináhersla lögð á slysavarnir og öryggi starfsmanna og þeirra sem ætla má að fari um vinnusvæði þeirra. Áhersla er lögð á vinnuaðferðir og umhverfi sem þátt í slysavörnum og öryggi stjórnenda véla, tækja, verkfæra og allra sem ætla má að eigi leið um vinnustaði þeirra. Fjallað er um varúðar- og hættumerkingar á vélum, tækjum, verkfærum, efnum og vinnusvæðum. Fjallað er um endurskinsmerki á vinnufötum, hlífðarföt, hjálma, hlífðargleraugu, öryggisskó og öryggishlífar á tæki og verkfæri.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að lýsa kröfum sem gerðar eru um slysavarnir og öryggi starfsmanna og annarra sem eiga leið um vinnustaði og vinnusvæði þeirra. Hann stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum. Hann sér til þess að námsmenn geri gátlista fyrir mat á öryggi þeirra sem eiga erindi á vinnusvæði þeirra. Vettvangsferð til að greina ástand og gera áætlun getur t.d. verið hluti lokaverkefnis. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis frá leiðbeinanda, námsönnum og valdir kaflar eða greinar úr lögum, reglugerðum, reglum og öðrum fyrirmælum sem varða slysavarnir og öryggi starfsmanna og vegfarenda sem eiga leið um framkvæmdasvæði. Einnig reglur um merkingar og ýmsar umgengnis- og vinnureglur fyrir vinnustaði, vinnusvæði og framkvæmdasvæði. Gátlisti. Námsdagbók.



Líkamsbeiting

8 kennslustundir.

Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki stoð- og hreyfikerfi líkamans.
- verði færir um að tileinka sér rétta líkamsbeitingu í leik og starfi.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á mögulegar afleiðingar langvarandi álags á stoð- og hreyfikerfi líkamans. Einnig á mögulegar afleiðingar rangrar líkamsbeitingar og líkamstöðu svo sem við kyrrsetu, átök, lyftu, burð, flutning eða frálag hluta. Áhersla er lögð á að hönnun og útfærsla á vinnuaðstöðu, verkfærum og hjálpartækjum geti skipt sköpum til að draga úr atvinnusjúkdómum í stoð- og hreyfikerfi líkamans.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi kynnir sér dæmigerðar vinnuaðstæður, verkfæri og vinnuaðferðir í vinnuumhverfi þátttakenda og lagar efni sitt að þeim. Hann gerir sér far um að lýsa aðalatriðum og draga fram heildarmyndir til dæmis með myndefni. Hann stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum. Hann sýnir viðeigandi líkamsbeitingu, stendur að hlutverkaleik og æfingum í líkamsbeitingu eða skipuleggur vettvangsskoðun. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

Til dæmis frá leiðbeinanda, námsmönnum og Vinnueftirlitinu. Námsdagbók.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki uppbyggingu íslensks vinnumarkaðar.
- þekki hlutverk hagsmunasamtaka á vinnumarkaði.
- þekki helstu reglur fræðslusjóða.
- þekki framsetningu upplýsinga á launaseðli.

Námslýsing

Áhersla er lögð á helstu atriði sem varða starfsemi stéttarféлага og störf trúnaðarmanna. Fjallað um helstu réttindi og skyldur eins og þau birtast í lögum og kjarasamningum.

Námsaðferð:

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistösk sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi innleiðir með því að lýsa kröfum sem, samkvæmt kjarasamningum og lögum, eru gerðar til atvinnurekenda og starfsmanna. Hann stjórnar umræðum, sem til dæmis eru byggðar á raundæmum frá námsmönnum og leggur fyrir verkefni. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni:

Til dæmis efni frá leiðbeinanda, námsmönnum, kjarasamningur og lagagreinar sem varða vinnurétt.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

Námslýsing

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Námsmenn bera nám sitt saman við væntingar sem þeir gerðu sér í upphafi þess.

Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir, til dæmis gátlista til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsaðferð

Leiðbeinandi leggur fyrir gátlista og stjórnar umræðum.

Námsefni

Til dæmis gátlistar frá skipuleggjanda, námsskráin, námsdagbækur og væntingar sem námsmenn gerðu sér í upphafi.



Störf á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviðum sveitarfélags eru afar margbreytileg. Vegna eðlis starfa sem unnin eru á þessum sviðum fyrir sveitarfélög eru gerðar kröfur um góða samskipta-, þjónustu- og verkfærni starfsmanna. Þau sem vinna þessi störf inna af hendi mikilvæga þjónustu við íbúa sveitarfélags auk þess að kröfur eru gerðar til þess að þau vinni verk sín hratt og vel jafnframt því að gæta fyllsta öryggis vegfarenda. Meðal starfa þeirra er að annast bilanavaktir og gæsluvaktir þar sem tekið er á móti tilkynningum um bilanir á gatna og veitukerfi og liðsinna íbúum um ýmislegt utan venjulegs opnunartíma.

Störfum á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélags er hægt að skipta í a.m.k. 7 svið: Sorphreinsun, vatnsveitu, mannvirkjasvið, garðyrkju, vélaverkstæði, trésmiðju og birgðastöð.

Sorphreinsun: Ef starfsmenn sveitarfélagsins sjá ekki um sorphreinsun eru þeir tengiliðir íbúa og verktaka, sem sinnir sorphreinsun.

Vatnsveita: Nýlagnir og viðhald vatnslagna ásamt tengingum notenda við veitukerfi. Starfsmenn vatnsveitu sjá einnig um miðlunargeymi og (tölvuvætt) gæslukerfi sem fylgist með rennsli og þrýstingi á ýmsum stöðum í kerfinu, ásamt upplýsingum frá dælustöðvum.

Mannvirkja: Viðhald og hreinsun gatna, bílastæða, umferðamerkinga, gönguleiða, opinna svæða og holræskerfi ásamt ýmiss konar þjónustu við stofnanir og íbúa. Einnig ýmsum minni nýframkvæmdum við holræsi, stíga og gatnagerð.

Garðyrkju: Garðyrkjustörf og umhirðu gróðurs í bæjarlandinu auk viðhalds og umhirðu á stofnanalóðum. Nýframkvæmdir taka helst til opinna svæða og frágangur við göngustíga og gangstéttir. Yfir sumartímann bætast við sumarstarfsmenn en þá vinna starfsmenn garðyrkjudeilda náíð með vinnuskólum.

Vélaverkstæði: Viðhald og fyrirbyggjandi eftirlit allra tækja sem heyra undir starfssemi sveitarfélags auk ýmiss konar járnsmíðavinnu vegna sérhæfðra véla, tækja og verkfæra.

Trésmiðju: Minniháttar viðhald og breytingar á fasteignum, viðhald leiktækja, girðinga, borða og bekkja utanhúss ásamt ýmiss konar nýsmíði sem til fellur. Til þessa þarf verkstæði búið vélum, tækjum og verkfærum.

Birgðastöð: Innkaup á varningi vegna starfsemi samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviðs sveitarfélags. Frá birgðastöð eru einnig afgreiddar vörur til verktaka sem annast verk á vegum bæjarins og sorphreinsun eru afhent íbúum frá birgðastöð.

Með hliðsjón af fjölda sveitarfélaga og fjölbreytni starfa á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviðum sveitarfélaga er nauðsynlegt að hafa valgreinar í náminu sem ekki eru tímasettar svo viðkomandi sveitarfélag og skipuleggjandi námsins fá þannig ráðrúm til þess að laga 50 kennslustundir að sérstökum þörfum þjónustusviða.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færir um að undirbúa, framkvæma, vinna úr og kynna niðurstöðu vettvangsskoðunar og gera tillögur til umbóta þar sem það á við.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á skipulega vinnu sem felst í undirbúningi, framkvæmd, úrvinnslu og kynningu vettvangsskoðunar og úttektar með spurningalistum og gátlistum, sem hafa t.d. verið unnir samhliða yfirferð einstakra námsþátta og geymdir í námsdagbók. Eftir atvikum er til dæmis lögð áhersla á að kanna samskipti á vinnustað, þjónustustefnu og þjónustu við íbúa, gæðastarf og skráða verkferla, forvarnir og viðbúnað vegna bruna, slysa eða bráðra veikinda vinnufélaga eða vegfarenda, umgengni og meðferð efna, véla, tækja eða verkfæra eða líkamsbeitingu við vinnu. Dregið er fram það sem er til fyrirmyndar og gerðar tillögur til umbóta þar sem þær eiga við.

Námsaðferð

Leiðbeinandi innleiðir með því að lýsa gerð verkáætlunar fyrir umbótaverkefni, lýsir verklagi sem hann vill hafa og velur umbótaverkefni með námsmönnum. Umbótaverkefni fer í námsdagbók. Í lokin gerir hver námsmaður grein fyrir niðurstöðum sínum.

Námsefni

T.d. um þjónustustefnu, þjónustuáætlunir, viðbúnaðaráætlun, spurningalista, gátlista eða efni frá framleiðendum efna, véla, tækja og verkfæra eða annað sem þarf til lokaverkefnis af þessu tagi.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki vélar og tæki sem notaðar eru á vinnustað þeirra.
- þekki kröfur framleiðenda og atvinnurekanda um örugga notkun, umgengni og fyrirbyggjandi viðhald véla og tækja sem þeir nota við vinnu sína.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á öryggi stjórnenda véla og tækja, vegfarenda og annarra sem vinna eða eiga leið um vinnusvæði þeirra. Einnig er lögð áhersla á aflgjafa, virkni, æskilegar vinnuaðferðir og notkun, reglubundna umhirðu og fyrirbyggjandi viðhald véla og tækja sem notuð eru við algeng störf á verksviði námsmanna.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg eða hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi stendur t.d. fyrir vettvangsferð og lætur násmenn reyna sig við notkun, umhirðu og viðhald véla, leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá Vinnueftirlitinu, framleiðendum, reglur og gátlistar frá atvinnurekanda auk efnis frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki algengar tegundir af suðum og mismunandi eiginleika þeirra.
- þekki helstu tæki, efni og aðferðir við suðu.
- þekki kröfur framleiðenda og atvinnurekanda um örugga notkun, umgengni og fyrirbyggjandi viðhald véla og tækja sem þeir nota við suðu.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á öryggi suðumanna, vegfarenda og annarra sem vinna eða eiga leið um vinnusvæði þeirra. Einnig er lögð áhersla á aflgjafa, virkni, æskilegar vinnuaðferðir og notkun, reglubundna umhirðu og fyrirbyggjandi viðhald véla og tækja sem notuð eru við suðu.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg eða hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi stendur t.d. fyrir vettvangsferð og lætur násmenn reyna ýmsar tegundir af suðum, leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á kliðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá Vinnueftirlitinu, framleiðendum, reglur og gátlistar frá atvinnurekanda auk efnis frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu tegundir lagna í jörð.
- verði færari um að leita upplýsinga um legu lagna í jörð.
- þekki umgengnisreglur og reglur um frágang vatnsbóla.
- þekki umgengnisreglur fyrir jarðlagnir og merkingu vinnusvæða.
- þekki hvernig bregðast skal við ef skemmdir verða á lögnum vegna jarðvegsvinnu.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á fyrirmæli sem varða öryggi starfsmanna sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjarskiptalagna og fráveitna í skurðum, brunnum og mannvirkjum ofan jarðar. Einnig er lögð áhersla á öryggi vegfarenda og annarra sem vinna eða eiga leið um vinnusvæði þeirra sem vinna við lagnir. Áhersla er lögð á öflun upplýsinga og gott skipulag áður en farið til verka. Einnig á reglur um frágang og umgengni vatnsbóla.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöknun og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg eða hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð þar sem námsmenn fá að sjá og reyna vélar, tæki, verkfæri og verklag sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á kliðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá Vinnueftirlitinu, framleiðendum, reglur, gátlistar og lagnateikningar auk efnis frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki reglur um merkingar á vinnusvæðum vegna vegfarenda.
- verði færari um að merkja vinnusvæði í samræmi við reglur og reglugerðir.
- þekki hvar er hægt að nálgast upplýsingar um merkingu vinnusvæða.
- viti hvar er hægt að nálgast umferðamerki og annað sem þarf til að auka öryggi og þægindi vegfarenda.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á aðvaranir, leiðbeiningar og aðrar ráðstafanir til að vernda starfsmenn, vernda vegfarendur, lágmarka umferðatafir, lágmarka óþægindi vegfarenda og hámarka framkvæmdahraða vegna vinnu við götur, vegi og gangstíga fyrir almenna umferð.

Námsaðferð:

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg eða hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi stendur t.d. fyrir vettvangsferð þar sem námsmenn fá að sjá og reyna vélar, tæki, verkfæri og verklag sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á kliðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá leiðbeinanda, efni úr umferðarlögum, efni úr reglugerð um umferðarmerki, efni úr lögreglusamþykktum, gátlistar, efni um vinnustaðamerkingar úr gæðahandbók þjónustudeildar Vegagerðarinnar, um eftirlit með merkingu vinnusvæða frá Vegagerðinni og bæklinginn Merking vinnusvæða



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki hlutverk og helstu verkefni slökkviliðs og lögreglu.
- þekki helstu ábyrgðarhlutverk í viðburðastýringu, helstu samstarfsaðila og hlutverk framkvæmdasviðs í þeim.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á starfsemi og verksvið löggæslu og slökkviliðs í sveitarfélaginu og hlutverk starfsmanna þegar þeir vinna með löggæslu og slökkviliði.

Námsaðferð:

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sína og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg eða hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi stendur t.d. fyrir vettvangsferð fyrir námsmenn að kynnast starfsemi og að reyna verk og tæki sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá leiðbeinanda, lögreglusamþykktir og efni frá lögreglu og slökkviliði.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu tegundir jarðefna og fyllingarefna og eiginleika þeirra.
- þekki helstu öryggisatriði vegna jarðvinnu.
- þekki hvar er hægt að leita upplýsinga um val á jarðefni og fyllingarefni.
- þekki lífrænan jarðefni og ólífræn.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á jarðefni, fyllingarefni og eiginleika þeirra. Einnig flokkun, korna-dreifingu og sáldurferli jarð- og fyllingarefna, skerstyrk, frostnæmi, sigeiginleika, þjöppun, þjöppunareiginleika og þjöppumælingar. Áhersla er lögð á öryggi starfsmanna og vegfarenda þar sem fer fram jarðvinna.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi lýsir og útskýrir tilgang og notagildi jarð- og fyllingarefna í garðyrkju og/eða jarðvinnu og ráðstafana til að auka öryggi starfsmanna og vegfarenda. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð þar sem námsmenn fá að sjá og reyna vélar, tæki, verkfæri og verklag sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá Vinnueftirlitinu og efni sem leiðbeinandi tekur saman úr námsefni um jarðfræði, sýnishorn eða myndir af af jarðefnum og fyllingarefnum eða gröf og skýringamyndir.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- Þekki hlutverk þjónustumiðstöðva staðsetningu þeirra, þjónustusvæði og viðfangsefni.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á hlutverk þjónustumiðstöðva, hverfastöðva, áhaldahúsa eða annarra stöðva sem annast verkefni á samgangna-, umhverfis og framkvæmdasviði sveitarfélags.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi lýsir tilgangi þjónustumiðstöðva sveitarfélaga og stendur t.d. fyrir vettvangsferð til að námsmenn kynnist starfseminni og fái að reyna ýmis verk sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. námsefni sem leiðbeinandi tekur saman úr upplýsinga- og kynningarefni, samþykktum, eða öðru efni sveitarfélag.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist hlutverki Samhæfingarstöðvar almannavarna.
- kynnist starfsemi, viðbragðsáætlunum og viðburðastjórnun Samhæfingarstöðvar og lögreglu.
- þekki hlutverk starfsmanna sveitarfélaga í viðbragðsáætlunum og viðburðastjórnun.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á hlutverk starfsmanna sveitarfélaga í viðbragðsáætlunum og viðburðastjórnun Samhæfingarstöðvar almannavarna og lögreglu.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi lýsir og útskýrir aðalatriði viðbragðsáætlana og viðburðastjórnunar Samhæfingarstöðvar og lögreglu og hlutverk starfsmanna sveitarfélaga í þeim. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð til að námsmenn kynnist starfsemi á þessu sviði og að reyna verk sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á kliðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. námsefni sem leiðbeinandi tekur saman úr upplýsinga- og kynningarefni frá Samhæfingarstöð almannavarna, lögreglu og úr lögum um samræmda neyðarsímsvörun.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu tegundir af gróðri sem er í landi sveitarfélagsins.
- þekki kröfur sem gerðar eru um gróðursetningu og umhirðu gróðurs.
- þekki til strauma og stefnu garðyrkjudeildar sveitarfélagsins.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á verklag við notkun helstu tækja og verkfæra, öryggisbúnaðar og öryggishlífa sem notuð eru við hreinsun og snyrtingu, slátt og umhirðu, gróðursetningu og áburðargjöf og stígagerð á svæðum utan borgarmarkanna. Einnig er lögð áhersla á að kynna stefnu og helstu verkefni í garðyrkju í landi sveitarfélagsins.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi lýsir og útskýrir tilgang og notagildi gróðurs fyrir íbúa og gesti sveitarfélags. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð þar sem námsmenn fá að sjá og reyna vélar, tæki, verkfæri og verklag sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. námsefni sem leiðbeinandi tekur saman um gróður, gróðursetningu, umhirðu gróðurs og stefnu og verkefni sveitarfélagsins á þessu sviði.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu efni sem teljast varasöm og hættuleg efni sem notuð eru í garðyrkju og skrúðgarðyrkju.
- þekki meðhöndlun og umgengni við varasöm og hættuleg efni sem notuð eru í garðyrkju og skrúðgarðyrkju.
- þekki helstu varðúðarmerkingar á efnum sem notuð eru í garðyrkju og skrúðgarðyrkju.
- verði færir um að afla sér upplýsinga um geymslu og meðhöndlun varasamra og hættulegra efna sem notuð eru í garðyrkju og skrúðgarðyrkju.
- þekki hvaða hættur geta skapast fyrir almenning við notkun efna sem notuð eru í garðyrkju og skrúðgarðyrkju.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á merkingar, geymslu, umgengni og verklag við notkun helstu varasömu og hættulegu efni sem notuð eru við garðyrkju og skrúðgarðyrkju. Einnig er lögð áhersla á öryggishlífar fyrir starfsmenn og öryggi almennings þegar varasöm og hættuleg efni eru notuð í garðyrkju og skrúðgarðyrkju.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistösk sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi lýsir og útskýrir aðalatriði, virkni, tilgang og notagildi efna sem notuð eru í garðyrkju og skrúðgarðyrkju. Einnig reglur um flutning, geymslu, meðferð og notkun efnanna. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð þar sem námsmenn fá að sjá og reyna vélar, tæki, verkfæri og verklag sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá framleiðendum, Vinnueftirlitinu og efni sem leiðbeinandi tekur saman.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki lögreglusamþykkt sveitarfélags síns.

Námslýsing

Megináhersla er á ákvæði lögreglusamþykktá sem varða umgengnisreglur íbúa hver við annan og umgengni um eigur sveitarfélagsins.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi útskýrir aðalatriði og tilgang lögreglusamþykktá. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð til að námsmenn kynnist starfsemi lögreglu og að reyna verk sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá leiðbeinanda og lögreglusamþykktir bæjarfélaga.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- geti skipulagt vinnu sína þannig að sem minnst röskun verði fyrir alla umferð fótgangandi og akandi.
- að þekkja helstu öryggisatriði við framkvæmd mismunandi verkefna.
- þekki og fari eftir verkferlum til að koma í veg fyrir árekstra eða slys.

Námslýsing

Megináhersla er á ákvæði opinberra fyrirmæla sem varða öryggi vegfarenda og starfsmanna sem vinna að framkvæmdum.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi lýsir og útskýrir reglur og önnur fyrirmæli sem gilda fyrir örugga umferð vegfarenda og lýsir dæmigerðum undirbúningi og framkvæmd aðgerða til að tryggja öryggi vegfarenda á framkvæmdastað. Hann stendur t.d. fyrir vettvangsferð þar sem námsmenn fá að sjá og reyna verk sem eiga við námsþáttinn eða leggur verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki orkugjafa sem má nota með og í stað eldsneytis úr jarðefnum fyrir sprengi-hreyfla.
- þekki öflun hráefna, framleiðslu, mrðgrð og notkun algengra orkuefna fyrir sprengi-hreyfla.
- þekki reglur um flutning, geymslu og meðferð orkuefna fyrir vélar.
- þekki áhrif af notkun orkuefna fyrir vélar á umhverfi.

Námslýsing

Megináhersla er á framleiðslu, umgengni, flutning og notkun jarðefnaeldsneytis og annarra orkuefna fyrir vélar. Fjallað er um hættur sem fylgja notkun þeirra og öryggisráðstafanir sem þarf að gera einkum við geymslu, flutning og notkun þeirra.

Námsaðferð

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu námsmanna á efninu og miðar efnistöð sín og framsetningu við niðurstöðu könnunar sinnar. Hann gerir sér far um að framsetning efnis sé ekki einhæf og dæmi og verkefni séu nytsamleg og hafi skírskotun til starfa, daglegs lífs eða frístunda.

Leiðbeinandi lýsir og útskýrir aðalatriði framleiðslu, flutnings og geymslu orkuefna fyrir vélar. Hann fjallar um samhengi nýtingar orkuefna, vélagerða og stjórnunar véla auk áhrifa af notkun orkuefna á umhverfi. Hann leggur t.d. verkefni fyrir einstaklinga eða hópa að leysa og setur fram viðfangsefni til að ræða t.d. á klíðfundum eða almennum umræðum. Námsmenn fá tíma til að hugleiða efni námsþáttarins og færa í námsdagbók sína.

Námsefni

T.d. frá leiðbeinanda.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi starfsreynslu og fullt nám samkvæmt námsskrá þessari til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 15 eininga. Meta má námið á móti allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrk viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA:

LKN	103	Lífsleikni.
NÁM	101	Námstækni
LÍB	101	Líkamsbeiting.
FVV	103	Framkvæmdir og vinnuvernd
GÆV	101	Gæðavitund
SKY	101	Skyndihjálp

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám, til dæmis staðfestingu frá leiðbeinanda í námi vegna starfa fyrir umhverfis- og framkvæmdasvið sveitarfélaga.
2. Starfsferilsskrá.
3. Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat.
4. Stöðupróf.

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

www.frae.is, sími 599 1400